

24

L Ö G

9. jan.

um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Nefnd sú, sem ríkisstjórnin skipaði 29. ágúst 1934, til þess að rannsaka fjármál ríkis og þjóðar og hverskonar atvinnurekstur í landinu, og til þess að gera tillögur um hagskipulag þjóðarbúsins o. fl., skal hafa heimild til þess að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, stjórnendum félaga og stofnana, um þau atriði, sem hún telur þörf á í starfi sínu, enda sé þá þingflokki sjálfstæðismanna gefinn kostur á að tilnefna tvo menn í nefndina.

2. gr.

Meðlimum skipulagsnefndarinnar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 1. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

3. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 1. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur rangar skýrslur til nefndarinnar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

4. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af brotum á 1. gr., shr. 1. mgr. 3. gr., skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.